



## Úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Suðurnesja 2015-2019.

1. Tilgangur Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Suðurnesjum. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja er samkeppnissjóður. Auglýst er opinberlega eftir umsóknum og þær metnar út frá markmiðum og áherslum sem fram koma í Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019 og eftir reglum þessum.
2. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum skipar sjö manna úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs. Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirleggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
3. Starfsmaður Atvinnuþróunarfélagsins Heklungar í umboði stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sér um að auglýsa eftir umsóknum ganga frá þeim í hendur úthlutunarnefndar og sjá um samskipti við styrkþega og eftirfylgni verkefna.

### Almennt

1. Auglýsa skal eftir umsóknum og úthluta að lágmarki einu sinni á ári. Heimilt er að auglýsa eftir umsóknum tvisvar sinnum á ári ef ástæða þykir til. Miða skal við að á hverju ári sé úthlutað öllu árlegu fjármagni sjóðsins. Birta skal opinberlega lista yfir þau verkefni sem hljóta stuðning frá Uppbyggingarsjóðnum, upphæð fjárstuðnings og heildarkostnað verkefnis.
2. Umsóknir skulu vera á eyðublöðum Uppbyggingarsjóðs. Þeim skal skila með rafrænum hætti skv. leiðbeiningum á umsóknareyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum [www.sss.is](http://www.sss.is). Umsókn skal vera skýr og vel unnin.
3. Þeir geta sótt um í Uppbyggingarsjóð sem eru lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurnesjum. Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af Uppbyggingarsjóði.
4. Umsækjendur um stofn- og rekstarstyrki skulu vera lögaðilar á sviði menningarmála.
5. Umsækjendur skulu sýna fram á að minnsta kosti 50% mótframlag á móti styrkjum sjóðsins. Gera þarf grein fyrir því hvers eðlis mótframlagið er (vinnuframlag eða fjármagn). Umsækjendur verða að geta sýnt fram á fleiri fjárhagslega bakhjarla en uppbyggingarsjóð.
6. Umsækjandi skal að jafnaði hafa gengið frá lokaskýrslu vegna fyrri styrks áður en sótt er um styrk til framhalds verkefnis.
7. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnis.
8. Lögð er áhersla á að verkefni sem sótt er um styrk til skulu unnin innan árs frá samþykkt úthlutunar. Þó er mögulegt að sækja um styrk til verkefna sem taka lengri tíma. Í lokaskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um framvindu og árangur borið saman við áætlanir í umsókninni og skilmála samnings. Ef úthlutun er lægri en sú fjárhæð sem um er sótt, má taka



tillit til þess við mat á framvindu og árangri verkefnisins. Framvindu- og lokaskýrsla skulu vera á eyðublöðum Uppbyggingarsjóðs.

9. Í umsókn þurfa að lágmarki að koma fram eftirfarandi upplýsingar:
- Markmið og hvernig verkefnið styður við sóknaráætlun Suðurnesja og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs.
  - Verklýsing og tímasett verkáætlun (kostnaðar- og fjármögnunaráætlun þ.m.t.).
  - Árangur sem stefnt er að með verkefninu.
  - Hver eru sameiginleg markmið umsækjenda (ef það á við).

#### Greiðsla styrkja:

- Uppbyggingarsjóður gerir samning við styrkþega áður en greiðslur hefjast. Styrkir greiðist að jafnaði út eftir skilmálum samnings, framvindu verkefnis og framlögðum reikningum.
- Styrkvilyrði að fjárhæð 500.000 krónum eða lægri, má greiða í tvennu lagi. Fyrri hlutann allt að 50%, er heimilt að greiða við upphaf verkefnis ef styrkþegi óskar þess. Lokagreiðsla fer fram þegar verkefninu er lokið og styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
- Styrkvilyrði hærrí en 500.000 krónur greiðast út eftir framvindu verkefnis og skil á áfangskýrslu. Við undirritun samnings og upphaf verkefnis er þó heimilt að greiða allt að 20% samningsupphæðar. Heimilt er að greiða allt að 60% styrkupphæðar við skil á framvinduskýrslum. Lokagreiðsla fer fram að verkefni loknu þegar styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
- Framvindu- og lokaskýrslu skal skilað á sérstökum eyðublöðum Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja sem finna má á heimasíðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum [www.sss.is](http://www.sss.is)

#### Áherslur Uppbyggingarsjóðs.

1. **Sóknaráætlun.** Verkefni þarf að stuðla að framgangi Sóknaráætlunar Suðurnesja og svæðisbundnum áherslum og markmiðum. Áhersla er lögð á framgang atvinnuþróunar á sviði flugs og öryggis, heilsu, tækni og orku, sjávarútvegs og matvæla, menningar og ferðaþjónustu.
2. **Samstarf.** Æskilegt er að fleiri en tveir þátttakendur standi að baki hvernar umsóknar (samstafaðilar). Mikilvægt er að fram komi hvernig samstarfið mun gagnast verkefninu. Þetta á þó ekki við minni menningarverkefni.
3. **Aðkoma fræðastofnana:** Samstarf við háskóla, rannsókn- eða fræðastofnanir skal teljast umsóknum til tekna, sé verkefnið þess eðlis.
4. **Vaxtarmöguleikar:** Stuðlar verkefnið að nýsköpun og atvinnuþróun í landshlutanum. Er líklegt að verkefnið haldi áfram eftir að stuðningi líkur. Skapast störf á verk tímanum.
5. **Samfélagsleg áhrif/virði.** Er verkefnið líklegt til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Eflir verkefnið samstarf á Suðurnesjum á sviði menningar og ferðaþjónustu.



## Styrkhæfur kostnaður

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja tekur þátt í fjármögnun styrkhæfs kostnaðar. Styrkhæfur kostnaður skal koma fram í umsókn um stuðning. **Hér að neðan fylgja dæmi um styrkhæfan kostnað.**

1. **Laun og launatengd gjöld.** Aðeins verður tekinn til greina sá tími sem unnin er í verkefninu. Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Til hliðsjónar skulu vera almennir kjarasamningar og stofnanasamningar. Ekki er hægt að nota útseldan taxta til viðmiðunar við útreikning launa.
2. **Ferða- og fundakostnaður.** Gerð skal grein fyrir öllum ferðum bæði utanlands og innanlands, hver sé tilgangur ferðanna, hvert verði farið og áætlun um ferðakostnað. Leitast skal við að velja sem ódýrastan og umhverfisvænan ferðamáta.
3. **Aðföng.** Lýsa þarf í umsókn hvers konar aðföng eru nauðsynleg fyrir verkefnið.
4. **Búnaður.** Heimilt er að kaupa sérhæfðan búnað sem nauðsynlegur er fyrir framgang verkefnisins.
5. **Aðkeypt þjónusta.** Í umsókn skal lýsa aðkeyptri þjónustu (t.d. verktakagreiðslur) og af hverjum þjónustan verður keypt. Gera á grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hvað þjónustan mun kosta, hver er hinn skilgreindi afrakstur og hverjir afgreiðsluskilmálarnir verða.

## Uppbyggingarsjóður fjármagnar ekki:

1. Fjárfestingar í fyrirtækjum, kaup á lóðum eða húsnæði.
2. Skráningar menningarminja, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir eða almennar samkomur (sbr. sýningar án skilgreindrar sérstöðu), almenn bókaútgáfa, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla. Ekki eru veittir styrkir til lokaverkefna í skólum né til námsgagnagerðar.
3. Kostnað sem fallið hefur til áður en umsókn var samþykkt af úthlutunarnefnd er ekki styrkhæfur.
  - Úrhlutunarreglur þessar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers árs.

Samþykkt 18. mars 2015  
Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum